



Reykjavík, 24. febrúar 2026

USK25040162

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 9. apríl 2025, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að gripið verði til aðgerða í því skyni að stemma stigu við hættulegum hraðakstri bifhjóla á göngu- og hjólreiðastígum borgarinnar. Skýrar merkingar um hámarkshraða létttra bifhjóla, 25 km./klst. verði settar upp við göngu- og hjólreiðastíga. Greinargerð fylgir tillögu.

Greinargerð fylgdi fyrirspurn:

Aðgerða er þörf þar sem mikil brögð eru að því að léttum bifhjólum, bæði raf- og benzínknúnum, sé ekið eftir göngu- og hjólastígum, langt yfir þeim lögbundna 25 kílómetra hámarkshraða sem gildir um bifhjóla á slíkum stígum. Meirihluti bifhjólamanna fer að reglum en ljóst er að of margir virða ekki hraðareglur. Mörg dæmi eru um að rafhjólum sé ekið svo hratt nálægt gangandi eða hjólandi vegfarendum að liggi við stórslysi. Þá eru dæmi um að foreldrar banni ungum börnum sínum að nota hjólastíga borgarinnar því þeir séu orðnir að hraðbrautum fyrir vélknúin farartæki, þ.e. rafhjóla.

Draga þarf lærdóm af hinum mörgu rafhjólaslysum, sem orðið hafa á undanförnum árum. Í skýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa um banaslys, sem varð í Reykjavík árið 2021 við árekstur rafhlaupahjóls og létttra bifhjóls í flokki II, kemur m.a. fram að báðum hjólum hafi sennilega verið ekið of hratt. Áreksturinn varð á hjólastíg þar sem akstur létttra bifhjólsins var óheimill og hraðatakmarkari (innsigli) rafhlaupahjólsins var aftengdur.

Hjólbarðar rafhlaupahjóla eru litlir og stöðugleiki þeirra því minni en reið- og bifhjóla. Ökumenn þeirra þurfa að fylgjast vel með yfirborðinu sem hjólað er á, en það getur leitt til þess að þeir horfi ekki langt fram fyrir sig við aksturinn. Eftir því sem hraðinn er meiri verða slysin alvarlegri.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 30. apríl 2025.



Reykjavík



Umsögn:

Tekið er undir að óæskilegt er að vélnúin ökutæki sem komast hraðar en 25 km/klst séu á stígum og gangstéttum borgarinnar enda er það óheimilt skv. umferðarlögum og stígarnir ekki hannaðir fyrir slík tæki. Akstur slíkra ökutækja veldur augljósri hættu, eins og bent er á í tillögunni, fyrir aðra vegfarendur á stígnum sem og öikumenn tækjanna sjálfra.

Smáfarartæki og létt bifhjól í flokki I (vélknúin ökutæki sem hönnuð eru til aksturs allt að 25 km/klst) eru einu flokkar vélknúinna ökutækja sem aka má eftir göngu- og hjólastígum, valdi það ekki óþarfa hættu eða óþægindum. Undanþága fyrir akstur þessara ökutækja á stígum er gefin í 2. mgr., 43. gr. og 46. gr. umferðarlaga (nr. 77/2019 með áorðnum breytingum).

Stór hluti göngu- og hjólastíga eru þegar merktir með umferðarmerki sem takmarkar alla umferð ökutækja sem aka hraðar en 25 km/klst í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 250/2024, þ.e. merki um göngustíg, hjólastíg eða sameiginlegan stíg þessara fararmáta. Akstur vélknúinna ökutækja sem fara hraðar en 25 km/klst er lögbrot og ólíklegt að merking um hámarkshraða, til viðbótar við önnur merki, á komi í veg fyrir það. Því hefur ekki verið áætlað (og ekki er mælt með) að setja upp skilti um hámarkshraða á stígum. Umferðarlög kveða ekki á um ákveðinn hámarkshraða á stígum heldur gilda almennar reglur sem koma fram í umferðarlögum m.a. í 4. gr. um almenna aðgæsluskyldu og greinunum sem fjalla um undanþáguheimildir, hjólreiðamanna og smáfarartækja í 43. gr og létttra bifhjóla í flokki I í 46. g. Ef merkja ætti hámarkshraða þyrfti að samþykkja sérstaklega sérákvæði fyrir umferð um sérstakan hámarkshraða á stígum, í samræmi við 84. gr umferðarlaga.

Á samráðsfundum með lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefur verið til umræðu hvernig koma megi í veg fyrir akstur annarra vélknúinna ökutækja á stígum, og hættulegan akstur þeirra ökutækja sem heimild hafa til notkunar á stígnum, svo sem smáfarartækja og létttra bifhjóla í flokki I. Að sögn lögreglu er eftirlit á þessum svæðum vandasamt. Slíkt eftirlit getur í sumum tilfellum skapað meiri hættu en sú sem hlýst af umræddum akstri, einkum vegna þess að stór hluti ökutækjanna er án skráningarmerkja. Því er ekki unnt að hafa upp á öikumönnum eða eigendum nema að ná að stöðva ökutækin á staðnum. Það er á ábyrgð lögreglunnar að meta þörf, getu og áhættu tengdu slíku eftirliti og forgangsraða verkefnum sínum í samræmi við það. Því er við að bæta að Hjól og önnur farartæki sem eru ætluð til aksturs á hjólastígum eða mega aka eftir göngustígum með undanþáguheimild í umferðarlögum, þurfa ekki að hafa hraðamæli, að undanskildum léttum bifhjólum í flokki I, skv. reglugerð um gerð og búnað ökutækja (nr. 822/2004 með áorðnum breytingum) enda hraði þeirra áþekkur ökutækja sem stígarnir eru gerðir fyrir.

Af hálfu skrifstofu samgangna og borgarhönnunar er ekki talið að aðgerðir í formi hraðahindrana, hliða eða þess háttar séu líklegar til að bæta öryggi á stígnum. Þó slíkar aðgerðir séu til þess fallnar að draga úr hraðakstri stígnum, eru þær einnig til



Reykjavík



Þess fallnar að auka líkur á að vegfarandi missi jafnvægi, fipist og falli, eða aki á; ekki bara ökumenn bifhjóla heldur einnig hjólandi vegfarendur og notendur smáfarartækja. Slík slys geta verið nokkuð alvarleg.

Breytingatillaga við efnislega sambærileg tillögu var lögð fram og afgreidd á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 27. nóvember 2024 (MSS22090144). Þar sem samþykkt var að bjóða fulltrúum lögreglu og Samgöngustofu á fund ráðsins til að ræða meðal annars hvernig hægt er að bregðast hraðaakstri á stígum. Af því hefur ekki orðið en stefnt er að því að það verði fyrir sumarið.

Beðist er velvirðingar seinum viðbrögð við tillögunni.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri
Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar



Reykjavík